

## Svar

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um útlán hjá tryggingafélögum og eignarleigum.

Fyrirspurnin er svohljóðandi:

*Hvernig hafa útlán og fjöldi lánþega þróast hjá tryggingafélögum og eignarleigum árlega sl. fimm ár:*

- a. bílalán,*
- b. önnur lán?*

*Óskað er eftir að í svari verði greint á milli tryggingafélaga annars vegar og eignarleigna hins vegar.*

Viðskiptaráðuneytið fór þess á leit við Fjármálaeftirlitið að það legði til upplýsingar í svar við fyrirspurninni og byggir ráðuneytið á þeim svörum sem komu frá eftirlitinu.

### Útlán váttryggingafélaga í millj. kr. á verðlagi hvers árs.

	1996	1997	1998
Veðlán .....	9.124	10.985	12.611
Þar af lán með veði í bílum .....	5.969	8.023	10.044
Önnur útlán .....	1.905	1.853	1.787

Hjá Fjármálaeftirlitinu eru til upplýsingar um útlán íslenskra váttryggingafélaga sem byggjast á ársreikningum félaganna og sundurliðunum sem eftirlitið fær vegna eftirlitsstarfseminnar. Veðlán og önnur útlán eru tilgreind í ársreikningum, upplýsingar um lán með veði í bílum eru úr sérstökum skýrslum. Ný reglugerð um ársreikninga váttryggingafélaga gildi í fyrsta skipti um reikningsárið 1996, en fyrir þann tíma voru útlán ekki tilgreind sérstaklega í ársreikningum.

Upplýsingar um fjölda lánþega liggja ekki fyrir og heldur ekki skipting þeirra í einstaklinga og lögaðila.

### Útlán og eignarleigusamningar eignarleigufyrirtækja í millj. kr. á verðlagi hvers árs.

	1995	1996	1997	1998
Útlán og eignarleigusamningar .....	9.934	13.503	19.648	27.106
þar af útlán til viðskiptavina .....	3.124	4.142	6.432	8.985
þar af eignarleigusamningar .....	6.810	9.361	13.216	18.121
Útlán og eignarleigusamningar .....	9.934	13.503	19.648	27.106
þar af vegna fyrirtækja .....	7.738	10.073	13.695	17.483
þar af vegna einstaklinga .....	1.997	3.106	5.600	9.297

Upplýsingar um útlán sundurliðuð í bílalán og önnur lán liggja ekki fyrir hjá Fjármálaeftirlitinu né heldur upplýsingar um fjölda lánþega. Árið 1995 tóku gildi nýjar reglur um gerð ársreikninga lánastofnana og eru tölur frá árinu 1994 og fyrr því ekki að fullu sambærilegar við tölur frá árinu 1995 og síðar.